



DET KONGELIGE
HELSE- OG OMSORGSDEPARTEMENT

Statsråden

Norræna ráðherranefndin
Ved Stranden 18
DK-1061 København

Tilvísun yðar

Tilvísun okkar
17/4057-

Dagsetning
7. nóvember 2017

Svar við skriflegri fyrirspurn Norrænu ráðherranefndarinnar E 18/2017 um sameiginlega norræna stefnu í munntóbaksmálum

Þann 20. september 2017 beindi Mikko Kärna, þingmaður í Norðurlandaráði, eftirfarandi fyrirspurn til norrænu ríkisstjórnanna:

- *Til hvaða aðgerða hyggjast ríkisstjórnirnar grípa til að sala á sænsku munntóbaki verði gefin frjáls í öllum norrænu löndunum og stuðla þannig að afnámi umfangsmikillar stjórnsýsluhindrunar milli landanna?*
- *Gætu Norðurlöndin beitt sér fyrir því í sameiningu á vettvangi EES að hverfa frá takmörkunum á framleiðslu og sölu munntóbaks?*
- *Telur ríkisstjórn Finnlands það mögulegt að Finnland taki sem fyrst upp sama verklag og í Danmörku, þar sem leyfilegt er að selja munntóbak undir heitinu tuggutóbak, í því skyni að tryggja skatttekjur af sölnunni?*

Fyrir hönd norrænu ríkisstjórnanna get ég svarað þessu á eftirfarandi hátt:

Öll Norðurlöndin eiga aðild að rammasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir. Aðildarlönd að samningnum hafa skuldbundið sig til að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að menn byrji að neyta tóbaks og vinna að því að menn hætti eða dragi úr neyslu tóbaks í hvaða formi sem er. Með hliðsjón af þessu er það sameiginlegt markmið allra norrænu landanna að draga úr tóbaksnotkun í hvaða formi sem er.

Í tilskipun Evrópusambandsins 2014/40/EU um tóbak og tengdar vörur er lagt bann við munntóbakssölu á ESB/EES-svæðinu. Aðdragandi bannsins er sá að ekki er vilji til að greiða fyrir sölu á nýjum heilsuspillandi og ávanabindandi tóbaksvörum sem geta höfðað til ungs fólks. Svíþjóð og Noregur hafa undanþágu frá banninu í ljósi sérstakra innlendra aðstæðna.

Það samræmist ekki ríkjandi stefnu í norrænu samstarfi að vinna að því að afnema bönn sem gilda innan ESB.

Frá árinu 2010 hefur finnsk tóbakslöggjöf miðað að því að allri notkun tóbaksvara verði hætt. Í því felst meðal annars að Finnland vill ekki stuðla að aukinni notkun á tóbaksvörum sem eru minna skaðlegar en aðrar. Einnig skal þess getið að farið hefur verið í kringum bannið við innflutningi og sölu á munntóbaki með því að flytja vöruna inn og selja sem tuggutóbak. Af þeim sökum hefur nú verið lagt bann við því að flytja inn og selja tuggutóbak og neftóbak í nýjum lögum um tóbaksvarnir í Finnlandi (549/2016).

Það er ekki rétt að leyfilegt sé að selja munntóbak í Danmörku undir heitinu tuggutóbak. Yfirvöld í Danmörku hafa eftirlit með því að banninu við sölu munntóbaks sé fylgt eftir og meta hvort flokka skuli vöru sem munntóbak eða tuggutóbak.

Öll norrænu löndin hafa hrint í framkvæmd fjölda aðgerða, byggðum á þekkingu, í því skyni að draga úr tóbaksnotkun. Aðgerðirnar hafa borið góðan árangur. Norrænu ríkisstjórnirnar munu halda því starfi áfram og reyna þannig að forða því að kynslóðin sem er að vaxa úr grasi í dag verði háð tóbaki í framtíðinni.

Kveðja,



Bent Høie